

Föstudaginn 28. janúar 1983.

Nr.106/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson rikissaksóknari)

gegn

Jóhannesi Ólafssyni

(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Þjófnaður. Skjalafals. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar 7. apríl 1982 að ósk ákærða, Jóhannesar Ólafssonar. Málinu er ekki áfrýjað að því er varðar dómpólana Ingvar Sigurjón Garðarsson og Jónas Sigurjónsson. Af ákærvalds hálfu er krafist staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að dæmd refsing hans verði lækkuð.

Ágrip barst Hæstarétti 15. júlí 1982.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Ósannað er, að ákærði Jóhannes hafi ritað framsal á tékka nr. 1370830 að fjárhæð kr. 500.00. Hins vegar er sannað með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum, að honum var kunnugt um, að tékkinn var falsaður, enda þá viðstaddur, og að hann hagnýtti sér tékkann með því að framselja hann Radióbúðinni h/f til greiðslu vegna vörukaupa og gegn endurgreiðslu mismunarins í peningum. Með þessu athæfi gerðist ákærði brotlegur við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna ber að staðfesta sakarmat hins áfrýjaða dóms og heimfærslu til refsíákvæða svo og ákvæði um skaðabætur og sakarkostnað, að því leyti sem dóminum er áfrýjað.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin samkvæmt 1. mgr. 155. gr., 244. gr., 255. gr. og 71. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 77. gr. sömu laga, fangelsi 6 mánuði. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhaldsvist ákærða í 2 daga.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin sakasóknarlaun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 4.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóhannes Ólafsson, sæti fangelsi 6 mánuði, en til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhaldsvist hans í 2 daga.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og sakarkostnað, að því leyti sem þeim er áfrýjað, eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin sakasóknarlaun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmans, 4.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 2. febrúar 1982.

Árið 1982, þriðjudaginn 2. febrúar, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð er í skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1948/1981: Ákærvaldið gegn Ingvari Sigurjóni Garðarsyni, Jóhannesi Ólafssyni og Jónasi Sigurjónssyni.

Mál þetta, sem dómtekið er í dag, er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 31. ágúst 1981, höfðað gegn Ingvari Sigurjóni Garðarsyni, Vesturbraut 18, Hafnarfirði, Jóhannesi Ólafssyni, Álfaskeiði 80, Hafnarfirði, og Jónasi Sigurjónssyni, Selvogsgötu 16, Hafnarfirði, fyrir eftirtalin brot framin í Hafnarfirði, nema annars sé getið:

I.

Gegn ákærða Ingvari Sigurjóni Garðarsyni einum er málið höfðað fyrir að hafa:

A.

Aðfaranótt föstudagsins 7. september 1979 laumast inn í húsið Tjarnarbraut 13 og stolið 2-4 þúsundum í peningum og tékkhefti frá Samvinnubankanum, útibúinu í Hafnarfirði.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

B.

Gefið heimildarlaust út tvo tékka úr framangreindu tékkhefti og notað í viðskiptum. Tékkarnir eru báðir til handhafa og gefnir út 7. september 1979:

1. Nr. 3977039, að fjárhæð kr. 12.000. Reikningsnúmer 4477. Ákærði seldi tékka þennan á Shellstöðinni við Reykjavíkurveg.
2. Nr. 3977041, kr. 6.000. Ákærði greiddi leigubílstjóra fyrir akstur með þessum tékka.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

C.

Aðfaranótt mánudagsins 3. desember 1979 brotist inn í veitingahúsið Snekkjuna, Strandgötu 1, og þar inn á vinbar og stolið nokkru af sterku vini og tóbaki.

D.

Aðfaranótt fimmtudagsins 11. desember 1980 brotist inn á sama stað. Ákærði náði engu að stela, þar sem lögreglan kom á vettvang.

E.

Að morgni miðvikudagsins 24. desember 1980 brotist inn í veitingahúsið Skipphól við Austurgötu, en ákærði náði ekki að stela neinu, þar sem lögreglan kom á vettvang.

Teljast verknaðir í liðum C-E varða við 244. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 20. gr. hvað varðar verknaði í liðum D-E.

II.

Gegn ákærðu Ingvari Sigurjóni Garðarssyni og Jóhannesi Ólafssyni er málið höfðað fyrir að hafa:

A.

Aðfaranótt þriðjudagsins 5. maí 1981 brotist inn í húsið að Fálkagötu 18 A í Reykjavík og stolið sambyggðu hljómfletningstæki af gerðinni Toshiba ásamt 2 hátölurum, magnara af gerðinni Dynaco, myndavél af gerðinni Vivitar XV-2 með 50 mm linsu, 98 hljómplötum, seðlaveski með kr. 200 í peningum, reikningum og persónuskilríkjum, einum gallabuxum og tékkhefti frá Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

B.

Falsað tvo tékka úr framangreindu tékkhefti og notað í viðskiptum:

1. Nr. 1370830, kr. 500.00. Útgáfudagur 4. maí 1981. Reikningsnúmer 3642. Nafn útgefanda Jón Þorsteinsson, undir stimplinum Leðuriðjan, sem mun hafa verið á eyðublaðinu fyrir. Tékkinn er til handhafa. Ákærði Ingvar Sigurjón ritaði allt á tékkann nema nafnundirritun, sem ákærði Jóhannes ritaði. Tékkann seldu ákærðu í Radióbúðinni við Skipholt í Reykjavík.
2. Nr. 1370832, kr. 1.000.00. Útgáfudagur 5. maí 1981. Reikningsnúmer 1686. Nafn útgefanda Bjarni Ólafsson. Tékkinn er til handhafa. Ákærði Ingvar Sigurjón ritaði allt nema framsalið, sem ákærði Jóhannes ritaði með eigin nafni. Með tékkanum versluðu ákærðu í verslun Vals Fannar, Hafnarstræti 18, Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Gegn ákærðu Ingvari Sigurjóni Garðarssyni og Jónasi Sigurjónssyni er málið höfðað fyrir að hafa:

A.

Laugardaginn 23. maí 1981 stolið peningaveski af manni í veitingahúsinu Óðali við Austurvöll í Reykjavík, en í veskinu var auk skilríkja tékkhefti frá Búnaðarbanka Íslands, útibúinu í Garðabæ.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

B.

Staðið saman að heimildarlausri útgáfu alls 5 tékka úr framangareindu tékkhefti, þannig að ákærði Ingvar Sigurjón fyllti út allt á tékkunum nema nafnundirritun, en ákærði Jónas undirritaði með eigin nafni. Tékkana notuðu ákærðu síðan saman í viðskiptum. Tékkarnir eru allir með reikningsnúmerinu 4414, gefnir út til handhafa 23. maí 1981:

1. Nr. 400482, kr. 100.00. Tékkinn seldur í sjoppu við Laugaveg í Reykjavík.
2. Nr. 400483, kr. 500.00. Tékkinn er framseldur af ákærða Jónasi og notaður af ákærðu til greiðslu á vörum á bensinstöð Olís við Háaleitisbraut í Reykjavík.
3. Nr. 400485, kr. 300.00. Notaður af ákærðu til greiðslu á vörum í versluninni Barón, Laugavegi 86, Reykjavík.

4. Nr. 400486, kr. 300.00. Tékkinn seldur í sjoppu við Laugaveginna í Reykjavík.
5. Nr. 400488, kr. 100.00. Tékkinn seldur í versluninni Skalla við Lækjargötu í Reykjavík, þar sem afgreiðslustúlka mun hafa aðstoðað ákærðu við að fylla hann út.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærðu eru allir sakhæfir.

Ákærði Ingvar Sigurjón er fæddur 6. nóvember 1954 í Hafnarfirði og hefur sætt kærnum og refsingum sem her segir:

- 1973 19/6 í Hafnarfirði: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga, og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mán. frá 19/6 1973.
- 1976 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 9/7 1976.
- 1976 18/10 í Hafnarfirði: Sátt, 7.000 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga.
- 1976 30/12 í Hafnarfirði: Dómur: 2 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1978 23/2 í Hafnarfirði: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot á 21., sbr. 44. gr. áfengislaga.
- 1978 5/4 í Hafnarfirði: Dómur: 6. mán fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1979 29/9 í Hafnarfirði: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1979 6/10 í Hafnarfirði: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1980 7/2 í Hafnarfirði: Dómur: 8. mán fangelsi fyrir brot á 244. gr., 1. mgr. 259. gr. og 1. mgr. 244. gr. hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978, og 5. gr., sbr. 29. gr. laga nr. 69/1973.
- 1980 9/7 í Reykjavík: Dómur: 2. mán fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga (hegningarauki).
- 1980 13/10 í Hafnarfirði: Dómur: 2. mán. fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 248 gr. hegningarlaga.
- 1981 19/6 í Hafnarfirði: Dómur: 30 daga fangelsi fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga.

Ákærði Jóhannes er fæddur 19. september 1952 í Hafnarfirði og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1971 19/10 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1972 3/3 í Hafnarfirði: Dómur: 8. mán. fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 245. gr., 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, 2. mgr. 25. gr., 1. og 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 14/10 1970.
- 1974 7/5 í Hafnarfirði: Dómur: 11. mán. fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 244. gr. hegningarlaga, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr. og 4. mgr. 46. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.
- 1975 6/2 í Hafnarfirði: Dómur: 7. mán. fangelsi fyrir brot á 244. gr., sbr. 20. gr., og 257. gr. og 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga. Til frádráttar refsingunni komi með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 11/9 til 17/10.
- 1975 3/11 í Hafnarfirði: Sátt, 900 kr. sekt fyrir brot á 21. gr., sbr. 44. gr. áfengislaga.
- 1976 10/12 í Hafnarfirði: Dómur: 3 mán. fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1977 25/2 í Hafnarfirði: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1977 8/3 í Hafnarfirði: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1977 24/3 í Hafnarfirði: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1978 7/9 í Reykjavík: Dómur: 2. mán. fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 254. gr. hegningarlaga.
- 1979 7/11 í Hafnarfirði: Dómur: 1 árs fangelsi fyrir brot gegn 244., sbr. 20. gr. hegningarlaga, 244. gr. hegningarlaga og 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 7/10 til 19/10 1977 og frá 25/10 til 1/11 1978.
- 1980 19/6 í Reykjavík: Dómur: 3. mán. fangelsi fyrir brot á 244., 155., 254. og 245. gr. hegningarlaga.
- 1980 13/11 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.
- 1980 24/11 í Reykjavík: Dómur: 4. mán. fangelsi fyrir brot gegn 244. gr., 155. gr. og 254. gr. hegningarlaga.

Ákærði Jónas er fæddur 20. ágúst 1960 í Hafnarfirði og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1976 4/9 í Hafnarfirði: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 21., sbr. 44. gr. áfengisлага.
- 1976 í Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 6/9 1976.
- 1977 20/8 í Hafnarfirði: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengis-
laga.
- 1978 25/8 í Hafnarfirði: Sátt, 13.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengis-
laga og 48. gr. umferðarlaga.
- 1979 9/5 í Hafnarfirði: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengis-
laga.
- 1979 9/3 í Hafnarfirði: Sátt, 12.000 kr. sekt fyrir brot á 45. gr., sbr.
80. gr. umferðarlaga og 21. gr. áfengisлага.
- 1980 26/2 í Hafnarfirði: Sátt, 60.000 kr. sekt fyrir brot á 248. gr., sbr.
1. mgr. 256. og 254. gr. alm. hegningarlaga.
- 1980 19/4 í Hafnarfirði: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 21., sbr. 33. gr.
áfengisлага.
- 1980 19/6 í Hafnarfirði: Sátt, 4.500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengis-
laga.
- 1980 26/7 í Hafnarfirði: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengis-
laga.
- 1980 16/9 í Hafnarfirði: Sátt, 10.000 sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.
- 1980 22/9 í Hafnarfirði: Sátt, 8.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengis-
laga.
- 1980 26/10 í Hafnarfirði: Sátt, 7.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr.
áfengisлага.
- 1980 18/11 í Hafnarfirði: Dómur: 300.000 kr. sekt fyrir brot á 217., 106.,
244. gr. hegningarlaga. Sæti auk þess 45 daga fangelsi skilorðs-
bundið í 3 ár.
- 1981 24/5 í Hafnarfirði: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.
- 1982 18/1 í Hafnarfirði: Dómur: 1.200 króna sekt og að auki 15 daga
fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 248. gr. hegningar-
laga (hegningarauki).

Samkvæmt framburði ákærðu og öðrum gögnum málsins eru málsatvik
þessi:

1. Ákærði Ingvar Sigurjón einn.

A. Þjófnaður að Tjarnarbraut 13, Hafnarfirði.

Aðfaranótt föstudagsins 7. september 1979 var ákærði að koma af dans-
leik í veitingahúsinu Klúbbnum í Reykjavík og fór þá að húsinu nr. 13
við Tjarnarbraut í Hafnarfirði, þar sem vinkona hans býr. Hann hugðist
komast inn til hennar og kvaðst hafa bankað á útidyr hússins, en enginn

svarað. Ákærði náði þá að opna opnanlegan glugga að stofunni, sem er til hliðar við útidyrnar, og skreið þar inn. Ákærði þekkti vel húsaskipan þarna vegna kunningsskapar síns við fyrrnefnda vinkonu sína, sem er dóttir húsráðanda, og átti því ekki í neinum vandræðum með að rata um húsið. Hann ætlaði þegar að herbergi hennar, en á leiðinni gekk hann fram hjá opnu fatahengi, og þar sem hann var peningalaus, ákvað hann að kanna, hvort hann fyndi ekki peninga í vösum fata, sem þar voru geymd. Þarna í jakkavasa fann hann peningaveski og tók úr því 2 - 4 þús. krónur í peningum og tékkhefti á Samvinnubankann, Hafnarfirði, sem hann hafði með sér, en eftir þetta hélt hann út um aðaldyr hússins án þess þá að hirta um að hitta vinkonu sína. Ákærði eyddi svo peningunum, en flestöll eyðublöðin, sem voru í tékkheftinu, útfyllti hann og seldi eða reyndi að selja ásamt meðákærða Jónasi, svo sem rakið verður í lið B hér á eftir.

B. Tékkamisferli.

Svo sem rakið er í lið A, voru í þar greindu tékkhefti þó nokkur óútfyllt tékkaeyðublöð. Daginn eftir þar greint þjófnaðarbrot tók ákærði að fylla út tékkana. Fjóra af þessum tékkum tókst honum ekki að selja, og hafði hann gefið tvo þeirra út í öðru nafni en eigin. Tékkarnir voru að upphæð gkr. 36.000, 350.000, 150.000 og 100.000. Tékkum þessum var framvísað í Samvinnubankanum í Reykjavík og Samvinnubankanum í Hafnarfirði, og hafði meðákærði Jónas aðstoðað ákærða við að reyna að selja a. m. k. tvo tékkannna og framselt þá í eigin nafni, en þeir fengust ekki keyptir í bönkunum, og hefur ekki verið ákært út af þessari tékkaútgáfu. Hins vegar tókst ákærða að selja tvo tékka úr greindu tékkhefti og gaf þá út í eigin nagni, en ritaði á þá reikninganúmer, sem hann valdi af handahófi. Báðir tékkarnir eru til handhafa, og notaði hann þá í viðskiptum, svo sem nú skal greint, fylgt sömu númeraröð og í ákæru, en þar er tékkunum rétt lýst:

1. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir öliubrúsa, sem hann keypti í bensinstöð Skeljungs við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði, en meginhluta hans fékk hann greiddan til baka í peningum.

2. Með tékka þessum greiddi ákærði ökugjald til leigubifreiðarstjóra við Bílastöð Hafnarfjarðar. Ákærði hafði ekki greint viðtakendum tékka-anna frá því, að innstæðu kynni að skorta fyrir þeim.

C. Innbrot í veitingahúsið Snekkjuna.

Aðfaranótt mánudagsins 3. desember 1979 braust ákærði inn í veitingahúsið Snekkjuna í Hafnarfirði í því skyni að stela þaðan áfengi. Braut hann rúðu í hurð, sem snýr að Strandgötunni, og fór þar inn og kom inn á gang. Fyrir enda gangsins var önnur hurð, sem var læst. Ákærði braut og rúðurnar

í þeirri hurð og komst þá inn um dyrnar og fór þá upp á efri hæðina og að einum vinbarnum þar. Hann náði svo að spenna upp hurð á vinskáp þarna og tók úr honum eina fulla og eina hálfa flösku af brennivíni, eina flösku af gini og eina flösku af whiskey auk fjögurra pakka af vindlingum. Þetta setti hann í poka og hafði með sér út úr húsinu og fór með heim til kunningja síns, þar sem hann neytti áfengisins og vindlinganna og gaf öðrum af með sér.

D. Innbrot í veitingahúsið Snekkjuna, Hafnarfirði.

Aðfaranótt fimmtudagsins 11. desember 1980 var brotist inn í framangreint veitingahús. Ákærði var hér að verki, og var hann handtekinn, er hann kom úr veitingahúsinu og reyndi að hlaupast á brott frá staðnum. Hann var allölvaður og bar fyrir sig, er hann var spurður um málsatvik, að vegna ölvunar myndi hann ekkert eftir því, hvernig hann komst inn á veitingastaðinn né hvað hann gerði, meðan hann var þar inni. Hann kannaðist hins vegar við að hafa brotist þarna inn og ætlað að taka þarna áfengi. Af verkummerkjum var þó ljóst, að ákærði hafði brotið með spýtu rúðu í glugga við hliðina á inngöngudyrunum Strandgötumegin og farið þar inn, og svo hafði verið brotin rúða í hurð á 2. hæð úr gangi og inn í sjálft samkomuhúsið, og mun ákærði hafa farið þar inn. Á vínbar í danssal hússins var búið að brjóta upp vínhirslu, sem læst var með lás og hespu, en ekki varð séð, að víni hefði verið stolið. Þá var og ljóst, að ákærði hafði farið á veitingastaðinn Skútuna á 1. hæð, en innangengt er þangað úr Snekkjunni, og hafði hann farið í peningakassann þar, og voru smápeningar úr honum dreifðir um gólfíð þar.

E. Tilraun til innbrots í veitingahúsið Snekkjuna.

Að morgni miðvikudagsins 24. desember 1980, um kl. 0720, var ákærði á ferð ölvaður um miðbæ Hafnarfjarðar. Hann vantaði áfengi og fór sem oft áður inn í veitingahúsið Snekkjuna til að verða sér úti um áfengi. Braut hann rúðu í glugga að bar á annarri hæð hússins. Var hér um að ræða tvöfalt gler, og brotnaði einungis ytri rúðan. Áður en ákærði hafði frekar aðhafst, var lögreglunni tilkynnt um rúðubrotið, og fór hún þegar á staðinn og handtók ákærða, þar sem hann lá í hnipri á svölum 2. hæðar hússins.

Framangreint atferli ákærða er sannað með eigin framburði ákærða hér fyrir dómi og öðrum gögnum málsins, og hefur hann með verknuðunum í liðum A og C gerst sekur um brot á 244. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 og við sömu gr., sbr. 20. gr. laganna með verknuðum í D og E. Verkn-
aðurinn í lið B þykir varða við 248. gr. sömu laga.

II. Ákærðu Ingvar Sigurjón og Jóhannes saman.

A. Þjófnaður úr húsinu nr. 18 A við Fálkagötu í Reykjavík.

Aðfaranótt þriðjudagsins 5. maí 1981 brutust ákærðu inn í framangreint hús. Ákærðu höfðu verið saman við vındrykkju kvöldið áður og fram eftir nóttu og m. a. farið í veitingahúsið Hollywood, þar sem þeir hittu mann nokkurn, og fór hann með þeim að Ásbraut 5, Kópavogi, þar sem ákærði Jóhannes dvaldi hjá unnustu sinni, og voru þeir þar áfram við vındrykkju, en fljótlega urðu ósættir með manninum og ákærða Jóhannesi, og var hann þá látinn út. Nokkru eftir þetta fundu ákærðu lykla þarna í íbúðinni, sem þeir töldu manninn eiga. Ákærði Jóhannes taldi sig vita, hvar maðurinn ætti heima, og kom þeim nú saman um að nota lyklana til að komast inn heima hjá manninum og stela þaðan áfengi, en fram hafði komið hjá honum, að hann ætti áfengi heima. Ákærðu fóru svo að framangreindu húsi, þar sem ákærði Jóhannes ætlaði, að maðurinn ætti heima, og reyndu þeir lyklana að útidyrum þess, en þeir gengu ekki í skrána, og skreidd þá ákærði Ingvar inn um opinn glugga við hlið dyranna og opnaði svo dyrnar fyrir meðákærða. Fóru þeir þarna inn í stofu hússins og tóku þaðan Toshiba sambyggð hljómflutningstæki ásamt 2 hátölurum, magnara af gerðinni Dynaco, myndavél af gerðinni Vivitar XV-2 með 50 mm linsu, 98 hljómplötur, sem þeir settu í plastpoka, ákærði Ingvar fann í forstofunni ávísanahefti í jakkavasa, sem þeir tóku, og ákærði Jóhannes tók þarna peningaveski úr kventösku, og höfðu þeir það og með sér. Ákærði Ingvar hafði rífið buxur sínar, er hann skreidd inn um gluggann, og fann hann þarna gallabuxur, sem hann fór í, en setti sínar í plastpokann með plötunum. Eftir þetta hringdu þeir úr húsinu í leigubífreidd og létu hana koma í næstu götu við Fálkagötu, og þangað fóru þeir svo með framangreinda hluti og biðu þar leigubífreidarinnar og létu svo aka sér með varninginn að Ásbraut 5, Kópavogi. Klukkan var þá milli kl. 0400 til 0500 um nóttina. Ákærði Jóhannes greiddi leigubílstjóranum með peningunum, sem voru í veskinu, um kr. 200, og henti svo veskinu í ruslið. Þeir báru svo varninginn upp í íbúðina hjá unnustu Jóhannesar og fóru svo að sofa. Morguninn eftir seldi ákærði Jóhannes svo sambyggðu hljómflutningstækin og hátalarana leigubífreidarstjóra úr Hafarfirði, sem hann þekkti, fyrir krónur 2.000.00, og var Ingvar ekki vaknaður. Síðar tóku ákærðu aðra bifreið úr Hafnarfirði og létu þá aka sér víða um Reykjavík, og seldu þeir þeim leigubífreidarstjóra, sem þeir og þekktu, myndavélina fyrir kr. 600.00 og magnarann fyrir kr. 1.700.00. Hljómplöturnar hafði ákærði Jóhannes og reynt að selja, en ekki tekist, en þeim hafði verið komið undan, er ákærðu voru handteknir sama daginn grunaðir um þjófnaðinn. Ákærði Ingvar viðurkenndi strax þátt sinn í þjófnaðinum, en ákærði Jóhannes neitaði í fyrstu,

og varð því að hafa báða í gæsluvarðhaldi, meðan málið var í frumrannsókn. Verðmæti þýfisins var talið vera kr. 23.447.00.

B. Tékkafals.

Tékkhefti, sem ákærði Ingvar tók að Fálkagötu 18 A, sbr. lið A, var á Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, en þar hafði húsráðandi, Karl Júlíusson, Fálkagötu 18 A, Reykjavík, hlaupareikning nr. 3087 í nafni Leðuriðjunnar, Skólavörðustíg 17 B, og var 21 óútfyllt eyðublað í því, nr. 1370830 - 1370850. Ákærðu fölsuðu tvær tékkávisanir úr tékkheftinu. Var það með þeim hætti, að ákærði Ingvar fyllti þær út að öllu leyti, en ákærði Jóhannes framseldi þær og seldi eftir að hafa fylgst með hinni óheimilu nafnritun meðákærða á þær, ákærði Ingvar var hins vegar á verði utan við verslanirnar, sem þær voru seldar í, til að gera ákærða Jóhannesi viðvart, ef eitthvað óvænt bæri að, t. d. lögreglan væri á leiðinni á staðinn.

1. Tékki nr. 1370830 var falsaður á reikningsnúmer 3642 með nafni Jóns Þorsteinssonar sem útgefanda, að fjárhæð kr. 500.00. Tékkka þennan notaði ákærði Jóhannes til að greiða með fyrir tónhaus á plötuspilara (pick up), sem hann keypti í Radíóbúðinni í Reykjavík, sem kostaði kr. 244.00, og fékk hann afgang í peningum, sem ákærðu eyddu að nokkru leyti, en einhver hluti þeirra fór til ákærða Ingvars.

2. Tékki nr. 1370832 var falsaður á reikningsnúmer 1686 með nafni Bjarna Ólafssonar sem útgefanda, að fjárhæð kr. 1.000.00. Tékkka þennan seldi ákærði Jóhannes í verslun Vals Fannars og keypti fyrir hann hring og hálsfesti, sem kostuðu kr. 336.00, en mismuninn fékk hann til baka í peningum, og eyddi hann hluta þeirra sjálfur, en hluti af þeim gekk til ákærða Ingvars.

Framangreint atferli ákærðu er sannað með framburðum þeirra og öðrum gögnum málsins, og varðar það, sem greint er í A lið, við 244. gr. almennra hegningarlaga, en það, sem greint er í B lið, við 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

III. Ákærði Ingvar Sigurjón og Jónas saman.

A. Þjófnaður í veitingahúsinu Óðali Reykjavík.

Laugardaginn 23. maí 1981 voru ákærðu Ingvar og Jónas saman við vín-drykkju í veitingahúsinu Óðali í Reykjavík á svonefndum hádegisbar og sátu þar við barborðið. Er átti að fara að loka barnum á tímabilinu frá kl. 1430 til 1500, ranglaði fram hjá ákærða Ingvari maður, sem hann vissi ekki nein deili á, og sá hann, að hann var með seðlaveski í rassvasanum, og stóð það langt upp úr vasanum. Ákærði Ingvar tók veskið, um leið

og maðurinn gekk fram hjá og án þess að hann yrði þess var. Lagði hann veskið á borðið, sem þeir voru við, og sagði meðákærða Jónasi að taka það, sem hann gerði og stakk því inn á sig. Ákærðu fóru svo fljótlega á eftir út og athuguðu þá, hvað í því var. Í því reyndust vera tékkhefti við Búnaðarbanka Íslands, Garðabæ, með um 20 óútfylltum eyðublöðum, ökuskirteini, skólafélagsskirteini og blóðskirteini Sveinbjörns Magnússonar, Gnoðarvogi 38, Reykjavík. Ákærðu tóku tékkheftið, en skilríkjunum tróðu þeir inn í gat á afturfelgu á bifreið, sem stóð þarna við Austurvöll. Veskinu hentu þeir eða glötuðu. Þeir tóku svo að gefa út tékkávisanir úr heftinu og selja, svo sem greint verður í lið B.

B. Tékkamisferli.

Úr tékkheftinu, sem um getur í lið A, gáfu ákærðu út 5 tékkávisanir, samtals að upphæð kr. 1.300.00, og notuðu í viðskiptum án þess að greina viðtakendum þeirra frá því, að innstæðu kynni að skorta fyrir þeim, en þeir eru allir með reikningsnúmerinu 4414. Ákærði Ingvar útfyllti alla tékkana, nema einn, að öðru leyti en því, að ákærði Jónas ritaði á framhlið þeirra dagsetningu og gaf þá alla út í eigin nafni. Ákærði Jónas notaði tékkana, svo sem nú skal greint, en fylgt er sömu númeraröð og í ákæru, þar sem tékkunum er rétt lýst:

1. Tékkka þennan seldi ákærði Jónas í einhverri sælgætisbúðinni Bixið á Laugavegi fyrir vindlinga, en fékk afgang í peningum, sem rann til áfengiskaupa handa þeim ákærðu.
2. Með tékkka þessum greiddi ákærði Jónas fyrir sólgleraugu og 2 snældur í bensinstöð Olis við Háaleitisbraut í Reykjavík, en fékk afgang í peningum, sem rann til áfengiskaupa fyrir ákærðu.
3. Tékkka þennan seldi ákærði Jónas í versluninni Barón, Laugavegi 86, Reykjavík, og fékk eitthvað smávegis af vörum, en fékk mikinn hluta af fjárhæð tékkans til baka í peningum, sem ákærðu eyddu svo í áfengiskaup.
4. Með tékkka þessum greiddi ákærði Jónas fyrir vörur, sem harn keypti í einhverri sælgætisbúð við Laugaveg, en fékk meginhluta af fjárhæð tékkans til baka í peningum, sem ákærðu eyddu til áfengiskaupa.
5. Tékkka þennan seldi ákærði Jónas í veitingastaðnum Skalla í Reykjavík og greiddi með honum fyrir 2 pylsur, en fékk afganginn af fjárhæðinni í peningum, sem ákærðu eyddu til áfengiskaupa. Þessi var að öðru leyti en nafnritun ákærða Jónasar útfyllt af afgreiðslustúlku á veitingastaðnum, þar sem ákærði Jónas var þá svo ölvaður, að hann treysti sér ekki til að útfylla hann að öllu leyti, en tékkávisun, sem hann hafði farið

með inn, útfyllta af ákærða Ingvari, var of hárrar upphæðar, til að hún fengist þar keypt.

Meðan ákærði Jónas seldi tékkana, var ákærði Ingvar á verði utan við verslanirnar og ætlaði að láta Jónas vita, ef eitthvað óvænt bæri að, t.d. lögreglan kæmi á staðinn.

Eftir þetta fóru ákærðu til Hafnarfjarðar, og þar á svonefndu Thorsplani hitti Reynir bróður ákærða Jónasar þá, og er hann komst að því, að Jónas var með tékkhefti, sem hann var að gefa út tékka úr án heimildar, fékk hann það hjá honum og eyðilagði.

Ávinningur ákærðu af tékkaútgáfunni nam upphæð framangreindra tékkávisana.

Framangreint atferli er sannað með framburðum ákærðu og öðrum gögnum málsins, og hafa ákærðu með því gerst sekir um 244. gr. almennra hegningarlaga (sic) að því er varðar atferlið í lið A, en 248. gr. sömu laga með tékkamisferlinu í lið B, nema atferli ákærða Ingvars í lið B 5 þykir varða við 248., sbr. 22. gr. sömu laga.

IV. Refsingar, skaðabætur o. fl.

Bæði ákærði Ingvar og ákærði Jónas hafa hlotið refsíðoma, eftir að þeir frömdu framangreind brot, ákærði Ingvar 4 dóma frá 7. febrúar 1980 til 19. júní 1981, samtals 13 mán. fangelsi, og ákærði Jónas 18. jan. sl., dómur 1.200.00 króna sekt og 15 daga fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár.

Samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga ber því að ákveða þeim hegningarauka í máli þessu.

Ákærði Jónas hlaut með dómi sakadóms Hafnarfjarðar, uppkveðnum 18. nóvember 1980, 300.000 gkr. sekt, en að auki 45 daga fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 106. gr., 217. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga laga. Með framangreindum brotum í lið III A og B hefur hann rofið skilorðið samkv. dómi þessum og einnig dóminum, uppkveðnum 18. jan. 1982, og ber því samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að dæma honum að nýju refsingu fyrir brot þau, er þar greinir, og dæma refsingu fyrir öll brotin í einu lagi. Sektarákvæði hinna dómanna standa þó óbreytt.

Refsing ákærðu þykir því með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin þannig:

Ákærði Ingvar Sigurjón sæti fangelsi í 7 mánuði.

Ákærði Jóhannes sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði Jónas sæti fangelsi í 4 mánuði.

Eftirtalдар skaðabótakröfur hafa verið gerðar í málinu:

I. Á hendur Ingvari einum.

B. 1. Oliufélagið Skeljungur h/f, Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, gkr. 12.000 ásamt dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 7. sept. 1979 til greiðsludags.

B. 2. Bilastöð Hafnarfjarðar gkr. 6.000.

C. Veitingahúsið Snekkjan, Hafnarfirði gkr. 63.530.

Ákærði Ingvar hefur samþykkt kröfur þessar, og þykir mega taka þær til greina, þó þannig, að hann greiði 4.5% dráttarvexti á mánuði eða broti úr mánuði af B 1 frá 7. september 1979 til 1. júní 1980, 4.75% frá þeim tíma til 1. júní 1981, en 4.5% frá þeim tíma til greiðsludags.

II. Á hendur ákærðu Ingvari og Jóhannesi.

B. 1. Radióbúðin h/f, Skipholti 19, Reykjavík, kr. 256.00

B. 2. Hanna Mjöll Fannar, Hlégerði 37, Kópavogi, kr. 664.00

Ákærðu hafa samþykkt kröfur þessar, og þykir mega taka þær til greina.

III. Gegn ákærðu Ingvari og Jónasi.

B. 1. Árni Kristjánsson c/o verslunin Bixið, Reykjavík, kr. 100.00

B. 2. Oliuverslun Íslands h/f, Hafnarstræti, Reykjavík, kr. 500.00

B. 3. Verslunin Barón, Laugavegi 86, Reykjavík, kr. 300.00

B. 4. Ásta Sigurðardóttir, Hjallabrekku 47, Kópavogi, kr. 300.00

B. 5. Versl. Skalli, Lækjargötu, Reykjavík, kr. 100.00

Ákærðu hafa samþykkt kröfur þessar, og eru þær teknar til greina. Dæma ber ákærðu til að greiða allan kostnað óskipt saman.

D ó m s o r ð:

Ákærði Ingvar Sigurjón Garðarsson sæti fangelsi í 7 mánuði.

Ákærði Jóhannes Ólafsson sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði Jónas Sigurjónsson sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði Ingvar Sigurjón greiði Oliufélaginu Skeljungi h/f, Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, gkr. 12.000 með 4.5% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 7. september 1979 til 1. júní 1980, 4.75% frá þeim degi til 1. júní 1981, og 4.5% frá þeim degi til greiðsludags og Bilastöð Hafnarfjarðar gkr. 6.000.

Ákærðu Ingvar og Jóhannes greiði óskipt saman Radióbúðinni h/f, Skipholti 19, Reykjavík, kr. 256.00 og Hönnu Mjöll Fannar, Hlégerði 37, Kópavogi, kr. 664.00.

Ákærðu Ingvar og Jónas greiði óskipt saman:

Árna Kristjánssyni c/o verslunin Bixið, Reykjavík, kr. 100.00, Oliu-
verslun Íslands h/f, Hafnarstræti, Reykjavík, kr. 500.00, Versl.
Barón, Laugavegi 86, Reykjavík, kr. 300.00, Ástu Sigurðardóttur,
Hjallabrekku 47, Kópavogi, kr. 300.00 og versl. Skalla, Lækjargötu
Reykjavík, kr. 100.00

Ákærðu greiði allir óskipt saman allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. febrúar 1983.

Nr.104/1982. **Úlfar Nathanaelsson**

gegn

Ársæli Ársælssyni

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Úlfar Nathanaelsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 320.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Ársæli Ársælssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 1.700.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.